

86

11. sept.

## AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, herra Ásgeir Ásgeirsson, fór í dag í embættiserindum til útlanda og mun verða fjarverandi um hríð.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

*Í forsætisráðuneytinu, 11. september 1961.*

Ólafur Thors.

---

*Birgir Thorlacius.*

87

13. sept.

## AUGLÝSING

um að reglulegt Alþingi skuli koma saman til fundar  
þriðjudaginn 10. október 1961.

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Vér höfum ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að reglulegt Alþingi skuli koma saman til fundar þriðjudaginn 10. október 1961.

Um leið og vér birtum þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur og verður þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í dómkirkjunni, er hefst kl. 13.30.

*Gjört í Reykjavík, 13. september 1961.*

Ólafur Thors.

Friðjón Skarphéðinsson.

Jónatan Hallvarðsson.

(L. S.)

---

*Ólafur Thors.*